

BETRI RAKSTUR

Rakstur er eitthvað sem karlmenn framkvæma oft í viku, jafnvel daglega. Þó hefur það vafist fyrir mörgum, hvernig á að raka sig án þess að því fylgi óþægindi á meðan eða á eftir.

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um hvernig þú getur rakað þig á réttan hátt.

Ef þú hefur einhverjar frekari spurningar um raksturinn, spurðu þá rakarann þinn.



Við eigum allt sem þarf í raksturinn, bæði áhöld og efni.

RAKARASTOFA
RAGNARS & HARÐAR

Opið virka daga

9-16 frjáls mæting

16-18 mæting eftir tímapöntunum

Tekið við tímapöntunum alla virka daga milli 9 og 16

Vesturgata 48 - 101 Reykjavík - Sími 552 47 38

Rakstur

**GÓÐUR RAKSTUR
MEIRI VELLÍÐAN**



RAKARASTOFA
RAGNARS & HARÐAR

HVERNIG FÁUM VIÐ GÓÐAN RAKSTUR

UNDIRBÚNINGUR



Lykillinn að góðum rakstri er að undirbúa húðina áður en þú berð á þig raksápu. Best er að raka sig í eða á eftir heitri sturtu, eða að setja vel heitt, rakt handklæði á andlitið í um það bil 2 mínútur fyrir raksturinn. Þetta mýkir skeggið, örvar og opnar húðina þannig að raksturinn verður léttari og þú rakar þig betur. Skegghár sem ekki hefur verið mýkt með hita er mjög hart og þar af leiðandi slítur það dýrum rakvélablöðum hratt. Til upplýsinga, þá er skegghárið harðara en eggín á rakvélablaðinu og þegar undirbúningi fyrir er sleppt, verður rakvélablaðið fljótlega skörðótt og bitlaust. Bitlaust blað er ein megin ástæðan fyrir óþægilegum rakstri og skurðum.

RAKSÁPAN

Notið raksápu sem inniheldur Glyserín, eða sápu sem freyðir með vatni. Fordíst froður og gel eða efni sem innihalda deyfandi efni svo sem Benzocane eða Menthol. Þessi efni loka húðinni og gera skeggið stífara. Notið hóflegt magn af raksápu, of mikið magn af sápu raksturinn hvorki auðveldari né betri. Góðar raksápur eru virkjaðar með vel útlátnum skammti af vatni og gefa þannig góða freyðingu. Þótt sumar raksápur og krem megi bera á með fingrunum, þá jafnast ekkert á

við að nota góðan rakbursta (Greifingjahár). Burstinn mýkir og opnar húðina enn betur, yfir skegghárið þannig að raksturinn verður enn finni.

Því betri sápun, því betri rakstur.

RAKSTURINN

Notið aðeins góð rakvélablöð með góðu skafti.

Rakið ALLTAF í sömu stefnu og skeggið vex, ALDREI á móti. Að raka á móti skeggvextinum er algengasta orsök fyrir sviða (rakstursbruna) og inngrónum hárum í andliti. Rakstur þvert á skeggvöxtinn er í lagi. Sumir karlmenn þola það að raka sig á móti skeggvextinum, en þá eingöngu eftir að hafa rakað sig fyrst með vextinum.

Rennið sköfunni létt yfir hörundið, hafið eins strekkt á húðinni og mögulegt er. Hreinsið rakvélablaðið oft og vel meðan á rakstrinum stendur, þannig að ekki safnist hár á milli blaðanna (þá hætta þau að raka). Ef sápan þornar meðan á rakstrinum stendur, notið þá meira vatn og vinnið upp froðuna með burstanum, ekki meiri sápu.



EFTIR RAKSTUR OG SÓTTHREINSUN

Meðferð eftir raksturinn er ekki síður mikilvæg aðgerð og undirbúningurinn. Strax að loknum rakstri skal setja KALT vatn á andlitið og þannig loka húðinni aftur eftir raksturinn. Þá first skal bera á sig rakspíra eða krem (balm) til sóttthreinsunar og mýkingar.

Hver kannast ekki við það að klára raksturinn með því að skella á sig vænum skammti af rakspíra, standa síðan á öndinni og hafa það á tilfinningunni að maður hafi skvett bensíni á andlitið og kveikt svo í.

BURSTINN OG RAKVÉLIN

Hreinsið burstann og rakvélina eftir hverja notkun. Hristið vatn úr burstanum (ekki vinda). Best er að geyma burstann með hárin hangandi niður, það kemur í veg fyrir að raki safnist í botninn á honum. Fordíst að geyma burstann í lokuðum skáp til að koma í veg fyrir myglu. Skiptið um rakvélablað um leið og raksturinn fer að verða lélegur eða óþægilegur

RAKARASTOFA
RAGNARS & HARÐAR